

HRAFNISTUBRÉFIÐ

2 TÖLUBLAÐ, 43. ÁRGANGUR, NÓVEMBER 2016



das
HRAFNISTA

innlit

Við sendum lyftistöla frítt heim til eldri borgara



MG
NORWAY

Alto

frá Navinzi

3ja sæta + 2 stólar
sófasett allklett
ekta naudsleðri

-15%

verð áður: kr. 169.000

tilboðsverð: kr. 143.650



-15%

verð áður: kr. 430.000

verð nú: kr. 365.500



Rubelli

rafdrifnir lyftistölar

Rubelli stólin er með 2 rafstöta,
fest í 3 leublitum og 3 ákloublitum

-20% og frí heimsending
af lyftistölu
til eldri borgara

verð áður: kr. 157.000

tilboðsverð: kr. 125.600

verð áður: kr. 196.000

tilboðsverð: kr. 156.800



MG
NORWAY



-15%

verð áður: kr. 335.000

tilboðsverð: kr. 284.750

Innlit er nú á nýjum stað !
Ármúla 27 Reykjavík



Hjælgjerde frá Noregi loksins aftur á Íslandi !



Dekking þjónusta

innlit

Ármúla 27- 108 - Reykjavík sími - 544 8181



HRAFNISTA

Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur | Reykjanesbær

HRAFNISTUBRÉFIÐ

Forsíðan

Forsíðumyndin er af Ragnar Jónasson, íbúi á Hrafnistu í Hafnarfirði, dansar við Petrónu Jørgensen hjá iðjubjálfun heimilisins.

Blaðinu er dreift til íbúa Hrafnistuheimilanna og þjónustuíbúða Naustavara sem staðsett eru við Hrafnistuheimilin. Blaðinu er einnig dreift til annarra öldrunarheimila landsins, heilsugæslustöðva, fjölmargra læknastofa, sveitarstjórnarfólks, alþingismanna, fjölmiðla og fleiri aðila.

Útgefandi: Hrafnistuheimilin

Ábyrgðarmaður: Pétur Magnússon

Umsjón: Bolli Valgarðsson, KOM almannatengsl ehf.

Ljósmyndir: Hreinn Magnússon, Bolli Valgarðsson,
Gollí / Kjartan Þorbjörnsson og fleiri.

Auglýsingar: Birna Sigurðardóttir, bsig@bsig.is

Forsíðumynd: Eittstopp/Hreinn Magnússon

Prentvinnsla: Svansprent ehf.

Upplag: 2000

Hrafnistukveðja í gormánuði!

Við Íslendingar flokkum okkur jafnan með öðrum vestrænum þjóðum þar sem lífsgæði teljast hvað mest. Við gerum ríkar kröfu til samhjálpar og lítum á gæði heilbrigðis- og velferðarþjónustu sem eina af megingrunnstoðum velferðarsamfélagsins.

Undanfarið hefur ríkisvaldið í auknum mæli sett fram svokallaðar kröfulýsingar um þjónustuflokka í heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Kröfulýsingarnar eru skjöl þar sem taldar eru upp ýmsar lágmarkskröfur sem hið opinbera vill gera til þeirrar þjónustu sem veita skal öldruðum og þeirra aðila sem taka að sér að veita þjónustuna. Þessum auknu kröfum ber að fagna enda er mjög mikilvægt að þjónustan sé vel skilgreind til að allir hagsmunaaðilar átti sig á til hvers sé ætlast. Það er í þágu hagsmuna þeirra sem njóta þjónustunnar og aðstandenda þeirra en ekki síður þeirra sem veita þjónustuna. Með auknum kröfulýsingum fæst aukið gegnsæi og betri sýn á það hvaða þjónustu á nákvæmlega að veita og ekki síður hvaða þjónustu ekki ber að veita innan þess



Á góðri stundu með samtarfsaðilum Hrafnistu í Reykjanesbæ. Frá vinstri: Þuríður Elísdóttir, deildarstjóri Hrafnistu á Nesvöllum, Guðlaugur H. Sigurjónsson og Ása Eyjólfsdóttir, stjórnendur hjá sveitarfélaginu Reykjanesbæ, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Hrönn Ljótisdóttir, forstöðumaður Hrafnistuheimilanna í Reykjanesbæ, og Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu.

skilgreinda ramma sem ríkisvaldið setur.

Það er ekki hægt að uppfylla draumsýnir eða kosningaloforð í velferðarmálum frekar en öðrum opinberum málaflökkum sem kostaðir eru af almannafé nema fyrir liggi kostnaðargreining á þeirri þjónustu sem veita á. Hvað velferðarþjónustuna varðar er nauðsynlegt að setja raunhæf markmið sem byggja á kostnaðargreiningu á einstökum þjónustuþáttum þannig að yfirvöld



SOL GRYNN

Holl, ristudð hafragrjón



SÓLSKIN BEINT
Í HJARTASTAÐ

á hverjum tíma séu meðvituð um þær fjárhæðir sem nauðsynlegar eru til málaflokksins svo uppfylla megi þær væntingar og kröfur sem yfirvöld vilja gera.

Nýlega var gengið frá fyrsta heildstæða samningnum um þjónustu hjúkrunarheimila hér á landi. Hingað til hafa flest hjúkrunarheimilin verið rekin fyrir daggjöld sem ríkið hefur lagt til án samninga, í mörgum tilfellum áratugum saman. Þetta eru því tímamót fyrir bæði veitendur og notendur þjónustunnar. Kröfulýsing gegnir þar lykilhlutverki. Þessu ber að fagna enda er mjög mikilvægt að þjónustan sé vel skilgreind eins og hér að framan er lýst. Því má auðvitað aldrei gleyma að velferðarþjónustan snýst um lífsgæði fólks, en ekki línulegar myndir í excelskjali. Engu að síður er kostnaðargreining lykilhugtak í nútíma heilbrigðis- og velferðarþjónustu.

Rekstraraðilar heilbrigðisþjónustu þurfa oft en ekki að sitja undir ámæli á opinberum vettvangi, einkum samfélagsmiðlum, þar sem þeim er legið á hálsi fyrir að vera lítt hæfir í störfum sínum þegar þeir eru samviskusamlega að uppfylla lög, reglugerðir og kjarasamninga og geta af þeim sökum ekki staðist ætlaðar fjárheimildir. Auðvitað á að gera sömu kröfur til rekstraraðila í heilbrigðis-

og velferðarþjónustu um hagkvæmni, áætlunargerð og eftirfylgni eins og til annarra. Það verður bara að liggja fyrir að fjárhæðir dugi sannarlega fyrir þeirri þjónustu sem veita á með þeim réttindum og skyldum sem henni kunna að fylgja.

Sem ábyrgir þjóðfélagsþegnar hljótu við að gera þá kröfu að farið sé með sameiginlega sjóði okkar með ábyrgum hætti en að sama skapi sé ekki verið að búa til væntingar um þjónustu fyrir aldraða og sjúka sem aldrei verður hægt að uppfylla með þeim fjárhæðum sem eru til skiptanna. Það er mikilvægt að þeir sem höndla með almannafé viti hvað hlutirnir kosta. Það er líka mikilvægt að yfirvöld geri sér grein fyrir því um hvað þau biðja þegar samið er um heilbrigðis- og velferðarþjónustu og ekki síður hvernig fjármagna eigi þjónustuna. Aðeins þannig getum við hlúð betur að heilbrigðis- og velferðarþjónustunni, þessari grunnstoð samfélags okkar sem landsmenn hafa gefið skýrt merki um.

Að lokum vil ég þakka öllu heimilisfólki, starfsfólki og velunnurum Hrafnistu fyrir ánægjulegt sumar. Ég hlakka til að takast á við ný ævintýri með ykkur öllum á komandi vetri.

Pétur Magnússon,
forstjóri Hrafnistuheimilanna

Velúrgallar

Vinsælu innigallarnir fyrir konur á öllum aldri eru alltaf til hjá okkur í mörgum litum og stærðirnar eru S-XXXXL



Einnig

- Bolir
- Peysur
- Síðbuxur
- Stakar velúrbuxur
- Silkislæður
- Smellueyrnalokkar
- Töskur, hanskar
- Sjöl og treflar

***Póstsendum
út á land***

SNYRTIVÖRUVÆRSLUNIN
GLÆSIBÆ

ÁLFHEIMUM 74, 104 REYKJAVÍK, SÍMI 568 5170



Púttmót heimilismanna í Hafnarfirði og Reykjavík

Í sumar háðu púttarar á Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði baráttu um Hrafnistubikarinn sem keppt hefur verið um í áraraðir. Í ár urðu konurnar á Hrafnistu í Reykjavík í þremur efstu sætum; Vilborg á 31 höggi, þá Sigrún á 32 höggum og svo Dýrleif á 34 höggum. Í karlaflokki höfðu Hafnfirðingarnir betur og röðuðu sér í þrjú efstu sætin: Friðrik á 33 höggum, Marino með 37 högg og Birgir Erlendsson með 37 högg. ■



VIÐ LÉTTUM ÞÉR LÍFIÐ

Heilbrigðissvið Fastus býður upp á heildarlausnir í endurhæfingar-, hjúkrunar- og hjálpartækjum. Á annarri hæðinni í verslun okkar í Síðumúla 16 er að finna gott úrval af heilbrigðisvörum og þar leggur sérhæft fagfólk metnað sinn í að finna lausnir og aðstoða þig við val á vörum.



RAFSKUTLUR



SNÚNINGSLÖK



HÆGINDASTÓLAR



NÆRINGARDRYKKIR

Komdu til okkar og skoðaðu úrvalið.
Við tökum vel á móti þér og finnum réttu lausnina fyrir þig.

Verið velkomin í verslun okkar
Opið virka daga kl. 8:30–17:00

Síðumúli 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | fastus.is

FASTUS

Veit á vandaða lausn



FÉKK SITT FYRSTA TATTÚ 88 ÁRA Á HRAFNISTU

Ein af skemmtilegustu fréttum sumarsins var án efa frá Hrafnistu í Reykjavík þegar einn heimilismanna pantaði sér húðflúr á handlegginn. Mætti einn frægasti flúrari landsins, Fjölurinn tattú, með græjur sínar og húðflúðr- aði Sigurð Waage sem fékk þar

sitt fyrsta tattú, 88 ára að aldri. Tilefnið var að á dögnum voru liðin 60 ár frá því að Sigurður kleifi Hraundranga í Öxnadal ásamt tveimur félögum sínum, Finni Eyjólfssyni og hinum bandaríska Nicolas Clinch, en tindurinn hafði aldrei verið klifinn fram að því. ■

 **VERKÍS**
VERKFRÁÐISTOFA


- okkur er annt um þinn hag

samskip

HEIMSENDINGAR
UM LAND ALLT



Lyfjaskömmtun kemur reglu á lyfjatökuna

Lyfjum er pakkað í skammta sem eru í sérmerktum pokum á rúllu. Lyfjarúllurnar eru keyrðar út til viðskiptavina, þær sendar á landsbyggðina eða sóttar í apótekið. Hringdu og fáðu bæklungu sendan heim.



SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN



Karلاكórinn Heimir gladdi Hrafnistumenn

Árlega leggja félagar í karlakórnum Heimir í Skagafirði í helgarferð ásamt eiginkonum sínum til suðvesturhornsins. Í helgarferðinni sl. vor hélt kórinn tvenna stórtónleika fyrir sunnan, m.a. í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ, sem er í næsta húsi við Hrafnistu þar í bæ, og í Grafarvogskirkju í Reykjavík, í báðum tilvikum við feykigóðar undirtektir. En kórinn lét ekki þar við sitja því hann kom einnig fram á sex öðrum stöðum, m.a. á Hrafnistu í Reykjavík strax að loknum tónleikunum í Grafarvogi. Á Hrafnistu



sungu Heimismenn fyrir fullum sal. Í helgarlok flýttu kórfélagar sér heim í kapphlaupi undan djúpri lægð af Grænlandssundi sem nálgast suðvesturströndina og náði lægðin heimaslóðum kórfélaga þá um nóttina þar sem hún olli milljóntatjóni í firðinum. En Heimir lét það ekki á sig fá heldur hóf þegar strangar æfingar fyrir hátíð Sæluviku sem framundan var. ■

GLÆSILEGAR ÚLPUR

MARGIR LITIR
verð frá 12.800



*Velkomin á
nýja staðinn,
Suðurlandsbraut 30*

Opið mán.-föst. 10-18
og laugard. 10-14

Sími: 5533755

—verðlistinn—



Vélvirkinn á Bifvéla verkstæði Georgs Ormssonar

Ingvar Georg Ormsson vélvirkjameistari hefur búið í Keflavík frá árinu 1950 og þar búa öll börn hans og eigin konunnar, Ágústu Vilhelmínu Randrup sem lést 12. nóvember 2013. Í kjölfar andláts hennar bjó Georg, eins og hann er kallaður í daglegu tali, áfram á heimili þeirra hjóna á Framnesveginum en fluttist fyrr á þessu ári á Hrafnistu á Nesvöllum í Reykjanesbæ.

„Ég fæddist í Reykjavík 11. ágúst 1922 og varð 94 ára núna í sumar,“ segir Georg þar sem hann situr í hægindastól á herbergi sínu í Fögruvík á Nesvöllum. Georg bjó með foreldrum sínum á Baldursgötu 31 til nú ára aldurs en 1931 flutti fjölskyldan til Hofgarða í Staðar sveit á Snæfellsnesi ásamt börnum sínum sex sem þá voru fædd, en alls urðu börnin tólf.

Systkini Georgs eru Hrefna (f. 1919, d. 2004), Ormur Guðjón (f. 1920, d. 2006), Vilborg (f. 1924, d. 2010), Sverrir (f. 1925, d. 2014), Þórir Valdimar (f. 1927, d. 2002), Helgi Kristmundur (f. 1929), Karl Jóhann (f. 1931), Sveinn Ólafsson Ormsson (f. 1933), Gróa (f. 1936), Guðrún (f. 1938) og Árni Einar (f. 1940).

Vindmyllur áberandi í sveitunum

„Við vorum á Hofgörðum í sjö ár og fluttum þá á Laxárbakka. Ári síðar, þegar ég var 17 ára fór ég að vinna með pabba í rafvirkjun,“ en faðir Georgs var Ormur Ormsson frá Efri-Ey í Meðallandi, bóndi og síðar rafveitustjóri í Borgarnesi frá 1941. Móðir hans var Helga Kristmundsdóttir frá Vestmannaeyjum.

„Pabbi vann við rafvirkjunina samhliða bústörfunum og ég var á



SJÓFISKUR



DET NORSKE VERITAS



Þvælingi um sveitirnar til að laga rafmagnið á bæjunum þegar eitt-hvað bilaði eða hreinlega að setja upp rafmagn. Þá voru rafmagnsvindmyllur áberandi í sveitunum,“ segir Georg sem ásamt fleiri bræðrum sínum vann í rafmagninu. Raunar gerðust fjórir bræður

Georgs rafvirkjar, en Georg kaus að læra vélvirkjun og hóf hann námið hjá Vélsmiðjunni Jötni í Reykjavík árið 1944. Fram að þeim tíma starfaði hann lengst af fyrir föður sinn í sveitunum á Snæfellsnesi og í Borgarfirði eftir að foreldrarnir fluttust til Borgarness.

Kjarnavörur hf

 **SVANSPRENT**

 **TANDUR**
- þegar hreinlæti skiptir máli

Handprjónaðar peysur í úrvali



VELJUM ISLENSKT



...eða prjónið
þær sjálf

Allt sem þarf
á einum stað



Handprjónasamband Íslands

Skólavörðustígur 19
Sími: 552 1890
www.handknit.is



Sveinspróf og hjónaband

„Ég byrjaði í vélvirkjanáminu hjá Jötni og var þar í tvö ár og fór þá til Héðins þar sem ég kláraði námið samhliða starfi við uppsetningu frystivéla í frystihúsum vítt og breitt um land, aðallega hér á Suðurnesjunum en einnig á Skagaströnd. Sveinn Guðmundsson rennismiður

og framkvæmdastjóri Héðins bauð mér samning til að ljúka sveinsprófi. Ég þáði það og lauk náminu 1948 frá Iðnskólanum í Reykjavík og fékk sveinsbréfið sama ár. Þá var ég 26 ára og um jólin það sama ár gengum við í hjónaband ég og Ágústa.“ Konuefninu hafði Georg kynnst á Hótel Selfossi þar sem hún



Schindler



starfaði eitt sumar og tóku þau saman fáum mánuðum síðar.

Börn og bura

Ágústa var Hafnfirðingur, fædd 11. október 1927, en foreldrar hennar voru Emil Randrup málarameistari frá Danmörku og Ögn Guðmundsdóttir. Ágústa og Georg hófu búskap á Öldugötu 3 í Hafnarfirði árið 1948 en fluttu til Keflavíkur árið 1950 þar sem þau bjuggu alla sína búskapartíð. Ágústa vann ýmis fiskvinnslu- og verslunarstörf ásamt því að annast heimili og börnin á meðan þau uxu úr grasi. Georg og Ágústa

eignuðust sex börn sem eru: Ormur Þórir vélvirki hjá Launaflí (f. 1949), Ólafur járníðnaðarmaður (f. 1953), Emil Ágúst slökkviliðsmaður (f. 1955), Sigríður Helga, þjónustufulltrúi hjá Keili (f. 1959), Agnes Fjóla, innheimtufulltrúi hjá Sýslumannsembættinu á Suðurnesjum (f. 1962) og Ingvar Georg sjúkraflutningamaður (f. 1968). Kjörsonur þeirra hjóna var Örn W. R. (f. 1945). Hann lést árið 1978.

Fjölskyldan hefur alla tíð búið og starfað á Suðurnesjum utan að Ormur sem starfar hjá Launaflí hefur síðustu ár verið langdvöl-



-þegar þið bregðið á leik

*Bíll fyrir ykkur -hvar sem er
-hvencær sem er*

HREYFILL
5 88 55 22
... til taks allan sólarhringinn

OTTO AUGUSTSSON



Feðgar.

um við störf á Reyðarfirði þar sem fyrirtækið er með bækistöð vegna umfangsmikilla þjónustustarfa fyrir Alcoa Fjarðaál. Meðan á spjallinu stóð við Georg, bankaði Ormur á dyrnar, kominn í heim-sókn til föður síns, sem einnig var nýkominn úr reglulegum göngutúr sem hann tekur á hverjum degi.

Í Klampenborg

„Þegar við fluttum hingað til Keflavíkur bjuggum við fyrst í því sögufræga húsi sem Klampenborg heitir og byggt var 1830 við Túngötu 13. Klampen-



Klampenborg.

borg varð síðar hótél og hýsir í dag hælisleitendur. Þar bjuggum við í ein þrettán ár og á því tímabili stofnaði ég ásamt Adolphi, vini mínum bifvéla- verkstæði þar sem ég starfaði í nokkur ár. Ég stofnaði svo mitt eigið bílaverkstæði við Íshússtíg 3, þangað sem við fluttum af Túngötunni og þar hóf Ormur nám í bifvéla- virkjun,“ segir Georg.

Íshússtigur 3

Húsið við Íshússtíg er einnig sögufrægt og eitt elsta hús Keflavíkur samkvæmt því sem segir á vef Minjastofnunar. Það lét Magnús Zakaríasson byggja fyrir sig og heitkonu sína, Krist-



ínu Eiríkssdóttur. Að Magnúsi látnum um 1897 seldi Kristín hreppnum húsið en bjó þó áfram á efri hæðinni. Á neðri hæðinni stofnaði hreppurinn skóla sem tók til starfa um haustið það sama ár og gegndi húsið því hlutverki næstu sex árin. Á tímabili var húsið einnig sjúkra-

skýli og sóttvarnahús. Í bakhúsi á lóðinni rak Georg bílaverkstæðið en því hefur verið breytt í íbúðarhús.

Greip í önnur verkefni

Á Bílaverkstæði Georgs Ormssonar fóru fram „alls konar viðgerðir á bílum svo sem undirvagni, mót-



Fagleg og persónuleg þjónusta

Við leiðbeinum skjólstæðingum Sí, einstaklingum með þvagleka og aðstandendum þeirra og veitum ráðgjöf varðandi hjúkrunarvörur.

	0-0.5 l	0.5-1 l	1-2 l	2-3 l	3-4 l	4-8 l	8-11 l	11-18 l
TENA Men	0-0.5 l	0.5-1 l	1-2 l	2-3 l	3-4 l	4-8 l	8-11 l	11-18 l
TENA Lady	0-0.5 l	0.5-1 l	1-2 l	2-3 l	3-4 l	4-8 l	8-11 l	11-18 l
TENA Pants	0-0.5 l	0.5-1 l	1-2 l	2-3 l	3-4 l	4-8 l	8-11 l	11-18 l
TENA Floor	0-0.5 l	0.5-1 l	1-2 l	2-3 l	3-4 l	4-8 l	8-11 l	11-18 l
TENA Care	0-0.5 l	0.5-1 l	1-2 l	2-3 l	3-4 l	4-8 l	8-11 l	11-18 l
TENA S	0-0.5 l	0.5-1 l	1-2 l	2-3 l	3-4 l	4-8 l	8-11 l	11-18 l



Hafðu samband og við sendum þér TENA bæklinginn.

Ráðgjöf og úrræð vegna þvagleka

Rekstrarvörur

- fyrir þig og þinn vinnustað

Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • sala@rv.is • rv.is





Ingiber Ólafsson GK 35.

orum, boddyviðgerðir og plastviðgerðir,“ eins og segir í blaðaauglýsingu frá 1967. „Ég rak verkstæðið í all nokkur ár, en þegar ég hætti því og fór að aka leigubíl keypti Ormur Íshússtíginn og við fluttum á neðri hæðina í húsinu við Hringbraut 71. Ég greip alltaf af og til í önnur verkefni fyrir sjávarútvegsfyrirtækin þegar setja þurfti upp frystivélar og þess háttar auk þess sem ég tók túra og túra á skipum Eimskips þegar vantaði menn til að sjá um frystigámana um borð. Það var ágæt tilbreyting. Ég fór einnig á síldveiðar á Ingiber Ólafssyni GK frá Keflavík. Var vélstjóri þar um borð.“

Þegar Georg hætti leigubílaakstrinum árið 1997, þá 75 ára að aldri ákváðu hjónin að minnka við sig húsnæði og fluttu í íbúð við Heiðarveg 10. Þá gafst aukinn tími til að sinna tómstundunum en þau Ágústa höfðu reyndar spilað brids af kappi um langt árabil með góðum vinum og kunningj-

um. Nú fóru einnig fleiri ferðalög í hönd þar sem Spánn var í miklu uppáhaldi. „Við fórum mjög oft til Spánar og eyjanna þar, bæði Mallorca, Kanarý og fleiri sólarstaða. Við fórum líka til Gíbraltar og fleiri landa. Innanlands ferðuðumst við einna mest um Vesturland, þær kunnu heimaslóðir,“ segir Georg.

Síðustu árin bjuggu Georg og Ágústa við Framnesveg í Keflavík, en eins og áður segir lést Ágústa í nóvember árið 2013 og bjó Georg áfram á Framnesveginum allt fram á þetta ár þegar hann fluttist á Hrafnistu á Nesvöllum. Georg heldur sér vel við því hann fer að minnsta kosti tvisvar á dag í göngutúr og fékk nýlega splunkunýja úlpu að gjöf frá dóttur sinni svo hann geti haldið áfram göngunni þótt kólna fari í veðri. „Ég held ég hafi bara aldrei farið í jafn hlýja úlpu og samt svona svakalega léttu eins og þessa. Ég get verið á skyrtnunni og ég finn ekki fyrir úlpunni, hún er svo létt,“ segir Georg undrandi á þessum göldrum sem nútímataeknin býður uppá. En nú er brostinn á kaffitími frammi í stofu og þangað ætla þeir feðgar að fara áður en Ormur leggur af stað akandi austur á Reyðarfjörð fyrir næstu vinnutörn. ■

VIÐ ERUM MEÐ ÞÉR TIL ÖRYGGIS



ÖRYGGISHNAPPUR

Við viljum njóta stundanna örugg og áhyggjulaus, sama hverju við tökum upp á. Þess vegna er mikilvægt að við gætum vel hvert að öðru. Svona til öryggis.

Sími 570 2400 | Askalind 1 | [Nánar á oryggi.is](http://Nánar_á_oryggi.is)



GRILLAÐ Á HRAFNISTUHEIMILUNUM

Fyrsta grillveisla sumarsins á Hrafnistu var haldin 4. júlí á Nesvöllum í Reykjanesbæ. Setið var úti í góða veðrinu þar sem fólk naut matar og sólar í góðum félagsskap, enda ekki hægt annað í þeirri einmuna veðurbliðu sem lék við heimilisfólk og starfsmenn. Þann 7. júlí var grillað í Hafnarfirði í sama góða veðrinu undir harmonikkuspili

Böðvars. Hrafnista í Reykjavík grillaði í lok júlí í glimrandi góðu veðri, raunar einum heitasta degi ársins. Á Hrafnistu í Kópavogi var grillað 9 ágúst. Veðurspá var góð fyrir daginn en breyttist með stuttum fyrirvara þótt þátttakendur létu það ekki á sig fá enda tiltölulega hlýtt þrátt fyrir sólarleysi. Svanur Bragason spil-



FFSÍ



Félagsfélagið Sjómannanna



HB GRANDI



KÓPAVOGUR



aði á harmonikku og stjórnaði fjöldasöng ásamt Bjarneyju forstöðumanni heimilisins. Síðasta sumargrillveisla Hrafnistuheimilanna fór svo fram 24. ágúst á Hlévangi í Reykjanesbæ, í mikilli sól og blíðu. Heimilis-

fólk og gestir nutu matarins frá kokkum Hrafnistu í Reykjavík sem mættu á staðinn og má með sanni segja að vel gafi tekist til. Gaman er að segja frá því hér í lokin að í sumar hafa kokkarnir grillað ofan í um 1200 manns. ■


nordanfiskur
*Gjafir krstur
-á hvers manns disk!*


AP-PRIF
899 9900


EIMSKIP




HAFNARFJÖRÐUR



GRILLAÐ Á HRAFNISTUHEIMILUNUM



Gátur



1. Hvað hét einn af Ásum sá sem gætti megin-gjarða? Frost ef gjörir þegninn þjá það oss látum varða.
2. Að kom ég þar elfan hörð á var hlaupum fljótum. Undir vatni en ofan á jörð, arka ég þurrum fótum.
3. Hvað er það versta sem hendir tvo hestamenn?
4. Hvar finnur maður á sem skemmstum tíma hamingju, heilbrigði, ríkidæmi og ást?
5. Hvað er það sem sólin getur ekki skinið á?
6. Ég hreyfi mig þeim mun meira sem fleiri gestir koma. Hver er ég?
7. Hvað er hægt að finna í tómun vasa?

8. Hvað getur mús dregið jafn auðveldlega og fíll?

9. Hvað er það sem þú tekur daglega utan um en talar þó aldrei við?

Úr fórum Ingvars Viktors-sonar, sem fyrir nokkrum

árum bauð lesendum Gaflara (gaflari.is) upp á nokkrar laufléttar vísngátur:

10. Slétta, þunna, flata finn. Fljóta lætur málgefinn. Leikaranna sýnissvið. Sumir ei felldir eina við.

11. Gjarnan efst á öldum er. Oft úr flösku svalar mér. Settur yfir brjóstin ber. Birgir fyrir augu þér.

12. Fjögur oft í einum slag. Alltaf tifar nótt og dag. Um háls sér konur hengja það. Að hafa er best á réttum stað.

13. Þessi styrkir þak og vegg. Þrælslega á sjá er ráðist á hana. Horað sprund með spóalegg. Úr spýtum oft í hliði.

Lausn við gátum er á bls. 43

ÍSLENSKA SVEITIN OG SS

Fögur er hlíðin sagði Gunnar forðum. Teigur er stórbýli í Fljótshlíð. Þar býr Arna Dögg í félagsbúi með sauðfé og kýr. SS sækir úrvals afurðir til Örnu Daggar í íslenska sveit og skilar þeim tilbúnum alla leið til neytenda.

Arna Dögg er einn 900 bænda sem eiga SS.





HAUSTFAGNAÐIR

Haustfagnaðir Hrafnistuheimilanna eru tiltölulega ný afstaðnir. Hófust með veislu í Kópavogi í byrjun október og lauk í Hafnarfirði í byrjun nóvember. Á haustfagnaði klæða veislugestir sig upp, dúka borð og snæða góðan mat undir skemmtiatriðum góðra

gesta áður en slegið er í ball. Hinn eini sanni Laddi sá um veislustjórn í Kópavogi og Reykjanesbæ og fór á kostum. Í Reykjavík og Hafnarfirði var veislustjóri Valgerður Guðnadóttir söngkona sem naut aðstoðar undirleikarans Helga M. Hannessonar. ■





KÓPAVOGUR



HAUSTFAGNAÐIR



IDEX



ÁLYAK



Alþýðusamband Íslands

Fiskbúðin
Sæbjörg

ÁSAFL EHF



TEIKNISTOFA
HALLDÓRS
GUÐMUNDSSONAR



HAUSTFAGNAÐIR





NESVELLIR



Þykkvabæjar

LÖNDUN ehf



BLIKKÁS-FUNI

THE BRINDE GROUP

AGA

www.linde-healthcare.is

ÓJASK
110 ára
1910-2020
Ó. Johnson & Kaaber ehf



MANNVIT



HAFNARFJÖRÐUR



Deloitte.



REYKJANESBÆR
reykjanessaer.is



Síminn 

SérEfni
International skipamáling
www.serefni.is

**Pípulagnir
Elvars G Kristinssonar ehf**

 **GILDI**

KJARNAFÆÐI

**EGGJABÚÐ
HVAMMUR EHF
Elliðahvammi**



Falleg náttúra og mikið útsýni

Hjalti Skagfjörð Jósefsson og Kolbrún Svavarsdóttir eru frá Sauðárkróki en fluttu suður yfir heiðar árið 1963. Þau hafa búið í þjónustu- og öryggisíbúð Naustavarar við Boðapíngi 22 í tæp þrjú ár og vilja hvergi annars staðar vera vegna góðrar aðstöðu, fallegrar náttúru í kring og mikils útsýnis. „Ég var í mörg ár með hesta í Víðidal og fór stundum í útreiðatúra um svæðið hér í kring. Mér finnst gaman að fylgjast með því þegar hestamenn ríða hér fram hjá í hlíðinni fyrir austan Boðapíngið,“ segir Hjalti, þar sem við spjöllum saman í blíðunni. Að sjálfsgöðu voru hrossin að norðan líka, tvö skagfirsk undan Sörla, eitt undan Glæsi frá Húnaþingi og eitt frá Kolkuósi.

Hjalti er trésmiður að mennt, fæddur 3. október 1933 á Króknum. Elsti bróðir Hjalta, Jóhannes, gerðist múrari en hinir bræðurnir trésmiðir sem þeir lærðu hjá Jósef, föður þeirra, sem rak trésmiðjuna Björk á Sauðárkróki í mörg ár. „Það má segja að ég hafi alist upp í spæninum hjá pabba því ég var þar öllum stundum áður en ég fór að fara í sveit á sumrin. Ég var í

sveit á Þorsteinsstöðum í Lýtingsstaðahreppi til fjórtán ára aldurs en fékk upp úr því sumarvinnu hjá pabba.“ Hjalti átti níu systkini og er hann þriðji elstur í hópi fimm eftirlifandi systkina. Hin eru Jóhannes Stefán, f. 1927 og býr á Sauðárkróki, Erla Skagfjörð, f. 1930, búsett í Reykjavík, Þorbergur Skagfjörð, f. 1935, búsettur á Sauðárkróki, og Svavar Skagfjörð, f. 1940, einnig búsettur á Sauðárkróki.

Samtíða frá barnæsku

„Ég gekk hefðbundinn menntaveg á Króknum, sótti þar barna- og gagnfræðaskóla og fór svo í Iðnskólann þar sem ég tók trésmíðina. Iðnskólinn var vel sóttur á þessum árum, í honum voru nemendur víða að, jafnvel frá Akureyri. Þarna tóku menn húsasmíðameistarann, pípulagnir, rafmagn og múrinn og svo blönduðum við þessu öllu saman þegar við fórum að vinna því við þurftum að gera allt. Smíða, mála, dúkaleggja og hvaðeina,“ segir Hjalti og hlær en tekur fram að ávallt hafi löggiltir aðilar í viðeigandi greinum tekið verkin út að lokum. Kolbrún, eiginkona

Hjalta, er eins og áður segir einnig frá Króknum, fædd 1932 í Reykjavík, en fjölskyldan fluttist 1934 til Sauðárkróks. Þau Hjalti hafa þekkt frá barnæsku, bjuggu svo að segja í næsta húsi við hvort annað, hún á Freyjugötu 22 og Hjalti við Skagfirðingabraut 6. „Við lékum okkur saman, gengum í barnaskólann og gagnfræðaskólann á staðnum og fórum svo að draga okkur saman þegar ég var átján ára og hún nítján. Við giftum okkur 1953 þegar ég varð tvítugur og byrjuðum að búa heima hjá pabba og mömmu.“

Jósef byggði myndarlegt tvílyft hús við Skagfirðingabraut 6 þar sem fjölskyldan bjó á efri hæðinni en trésmíðaverkstæðið var á þeirri neðri. „Á sumrin vorum við í uppslætti og steypuvinnu á húsum á Króknum og víða í sveitunum en á veturnar í smíði innréttinga og ýmsum frágangi og mikið af þessu var unnið á trésmíðaverkstæðinu hjá pabba. Kolla vann á Símsstöðinni á þessum árum.“

Suður yfir heiðar

Kolbrún og Hjalti eignuðust þrjú börn, öll á Sauðárkróki. Þau eru Dagrún (f. 1952), búsett í Garðabæ, Hjalti (f. 1953) smíður sem búsettur er í Danmörku og Svavar Dalmann (f. 1960) sem lést vorið



Kolbrún og Hjalti á brúðkaupsdaginn.

2015. Foreldrar Kollu fluttu suður til Reykjavíkur snemma á sjötta áratugnum, en Svavar faðir hennar var vörubílstjóri og var meira að gera í því starfi fyrir sunnan heldur en í Skagafirði. „Við Kolla fluttum svo suður 1963. Við bjuggum fyrst hjá tengdafaforeldrum mínum á Holtsgötu 7 en leigðum svo hingað og þangað, allt þar til Konráð Þorsteinsson húsasmíður, sem einnig var af Króknum en fluttur suður, leigði okkur eina af íbúðum sínum,“ segir Hjalti. Aðalstarf Konráðs var að kaupa gömul hús og gera þau upp áður en hann annað hvort leigði þau eða seldi. Hjalti starfaði við þetta í nokkur ár og það var eitt af þeim húsum sem hann tók á leigu hjá Konráði eftir



Skagfirðingabraut 6.



Freyjugata 22.

að hafa gert íbúðina upp sem var við Hverfisgötu. Kolbrún hóf fyrst störf hjá Símanum í Reykjavík, en starfaði víðar á lífsleiðinni, svo sem Bæjarleiðum, Hagkaupum og svo hjá Hrafnistu í Reykjavík allt þar til hún hætti störfum á vinnumarkaði.

Fyrst eftir að þau hjónin fluttu suður fór Hjalti á sjóinn þegar hann fór tvo túra með Jökulfellinu með fisk til Bandaríkjanna. „Það var áhugavert. Við fórum fyrst á nánast allar hafnir hringinn í kringum landið til að taka fisk. Síðan var endað í Reykjavík aftur þar sem við stoppuðum í tvo daga og svo var siglt vestur um haf. Í fyrri túrnum var ég bara í viðhaldsvinnu um borð. Tók meðal annars skipstjóraíbúð-

ina alveg í gegn og pússaði við-arhandriðin um borð og var bara í þessu. Í seinni túrnum var ég háseti.“ Hjalti starfaði hjá ýms-um aðilum á starfsævi sinni, síðast hjá Kambsbræðrum sem ráku byggingafélagið Kamb, sem þeir kenndu við æskuheimili sitt, bæinn Kamb í Skagafirði. Um aldamótin varð Hjalti að hætta daglegri þátttöku á vinnumarkaði vegna heilsubrestra. „Við fluttum eftir nokkur ár af Hverfisgötu í íbúð sem við keyptum í Stífluseli 11 og þar vorum við í 24 ár. Það var þá sem ég fékk mér hestana sem ég var með í um 20 ár. Þá var ég hættur að geta farið á bak vegna hnémeiðsla. Svo seldum við Stífluselið og keyptum nýlega íbúð í Berjarima 6. Þar bjuggum við í nokkur ár eða allt þar til við fluttum hingað í Boðapingið enda heilsan farin að bila meira og meira. Hér er allt til alls, mjög góð þjónusta og annað. Kollu finnst hún vera dálítið afsíðis hérna upp frá, og það er alveg rétt, við erum nánast á mörkum sveitar eins og náttúran í kring ber með sér. Hér er hestafólk á sveimi, Elliðavatn í næsta nágrenni og falleg náttúra og göngustígar sem gera manni kleift að njóta þess besta,“ segir Hjalti. ■



REYKJAVÍK



KVENNAHLAUPIN Á HRAFNISTU

Hrafnista í Kópavogi tók forskot á kvennahlaupið þann 25. maí sl. Veðrið hefði getað verið betra en þó kom uppstytta rétt á meðan farið var út að ganga. Byrjað var á upphitun við ljúfa tóna og léttar veitingar. Harmonikkuspil gerði daginn skemmtilegan og sumir tóku léttan snúning á dansgólfinu. Á Hrafnistu í Reykjavík var kvennahlaupið tekið 30. maí sem tókst vel í alla staði. Að göngu lokinni var boðið upp á hressingu og kórsöng barnanna á leikskólanum Vinagarði. Í Hafnarfirði héldu íbúar og starfsmenn Hrafnistu kvennahlaupið 10. júní og voru margvíslegar uppákomur í boði að því loknu. ■



KÓPAVOGUR

LAUSNIR VIÐ GÁTUM

1. Þórkell. (Höfundur er Baldvin Halldórsson kenndur við Þverárdal)
2. Seljalandsfoss. (Úr vísnaðsafi Sigurjóns Sigtryggssonar)
3. Að þeir hnakkkrífst.
4. Í orðabókinni.
5. Skugga.
6. Hurð.
7. Gat.
8. Andann.
9. Hurðarhúnn.
10. Fjöl.
11. Toppur.
12. Hjarta.
13. Grind.



HAFNARFJÖRÐUR


ÞORBJÖRN

Hafnargötu 12 · 240 Grindavík


FROST
Kælmisjójan Frost ehf.


**LAUGARÁS
BÍÓ**


Parki
INTEGRER


BYKO
GERUM PETTA SAMAN


Ekran


BAADER
BAADER ÍSLAND ehf


emmessis


Ásbjörn
Ásbjörn Ólafsson ehf.



PÚTTAÐ VIÐ BÆJARSTJÓRNINA

Bæjarstjórnarpúttmótið árlega á Hrafnistu í Hafnarfirði fór fram 6. september. Þá öttu kappi aðalpúttararnir í hópi heimilismanna við bæjarstjórn Hafnarfjarðar um farandbikarinn fræga sem bæjarstjórn hefur aldrei unnið. Sú varð og raunin í ár þar sem heimilismenn fóru brautina á 69 höggum gegn 75 höggum bæjarstjórnar. Undanfarin ár hefur bæjarstjórnin, Haraldur L. Haraldsson, hlotið hin svokölluðu skussaverðlaun sem sá hlýtur sem er með bestu nýtingu vallar. Að þessu sinni féllu þau hins vegar í hlut Árdísar Huldu Ei-

ríkisdóttur forstöðumanns Hrafnistu í Hafnarfirði og brosti Haraldur sínu blíðasta þegar hann afhenti Árdísi verðlaunin. Einar Sigurðsson, íbúi á heimilinu, var kjörinn maður vallarins og hlaut Bæjarstjórnarbikarinn að launum. Í flokki kvenna voru úrslit þessi: Ingveldur Einarsdóttir með 35 högg, Hallbjörg Gunnarsdóttir sem fór völlinn á 36 höggum og loks Rósa Guðbjartsdóttir á 39. Í flokki karla vann Einar Sigurðsson á 34 höggum, þá kom Friðrik Hermannsson á 35 höggum og svo Ingi Tómasson á 36 höggum. ■



Skeljungur



**GÓLF OG
VEGGLIST**



Flügger



FANNHVÍTT FRÁ FÖNN



VÍSIR
Félag skipstjórnarmanna
& Submarínium



sensa

orkusalan



MARÁS



Hrafnistu færðar veglegar gjafir

Thorvaldsensfélagið gaf á dögnum Hrafnistu í Reykjavík og Hrafnistu í Kópavogi Master Turn-er snúningslök sem draga mjög

úr líkamlegu álagi starfsfólks við aðhlyningu þar sem hægt er að nota rafmagnslyftu til að aðstoða við snúning rúmliggjandi einstaklinga sem ekki geta snúið sér sjálfir. Á Hrafnistu í Hafnarfirði hefur slíkt lak verið í notkun um nokkurn tíma og ríkir mikil ánægja með það þar enda kostir þess margreyndir. Thorvaldsensfélagið fagnar 115 ára afmæli á árinu en upphaf þess má rekja til 1901 þegar þær opnuðu basar við Austurstræti 4 sem enn er þar til húsa. Félagið ver öllum ágóða af rekstrinum



til góðgerðarmála. Hrafnista þakkar Thorvaldsensfélaginu kærlega fyrir höfðinglegar gjafir.

Þá barst Hrafnistu í Hafnarfirði nýlega höfðing-

leg gjöf frá aðilum sem eiga aðstandendur á heimilinu. Um er að ræða fimm flutningshjólástóla sem nú eru til taks á hverri hæð og verða meðal annars nýttir til að auðvelda íbúum að sækja sér þá þjónustu og viðburði sem í boði eru hverju sinni. Um er að ræða mjög fullkomna XS Aluminium krossramma hjólástóla með margvíslegum stillimöguleikum og öryggisvörnum. Hrafnista þakkar þessum aðilum fyrir hlýhug og frábæra gjafir sem nýtast íbúum heimilisins vel. ■



BLEIKI DAGURINN

Bleiki dagurinn var að sjálf-sögðu haldinn hátíðlegur á Hrafnistuheimilunum föstu-daginn 14. október. Þá lögð-ust allir á eitt, bæði íbúar og starfsfólk auk þess sem heim-ilin sjálf voru skreytt bleiku. Hér eru tvö sýnishorn af mörgum. ■



... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!



Frábær gjöf fyrir dómur á öllum aldri



Fáanleg í 12 litum í fullorðins- og barnastærð.

Helstu útsölustaðir í Reykjavík
Allar sundlaugar, Apótekarinn Mjódd,
Borgarapótek, Lyf og heilsa; JL húsi,
Kringlu og Áusturverí, Minja,
Snyrtivörubúðin Glæsibæ, Mistý,
Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek,
Árbæjarapótek, Urðarapótek,
Balletbúðin Arena.
Netverslanir Aha.is, Heimkaup,
Krabbeinsefni og Netsófnun.

Sif
höfuðhandklæði

elfursif@internet.is gsm 660 8860

Nánar um sölustaði á facebook



VIÐ TÓKUM ÁKVÖRÐUN: AÐ VEITA BESTU BANKAÞJÓNUSTU Á ÍSLANDI ...

... svo þú eigir
auðveldara með að
taka þínar ákvarðanir

Sumar ákvarðanir um fjármál eru hversdagslegar, aðrar með þeim mikilvægustu á lífsleiðinni. Okkar hlutverk er að veita þér bestu ráðgjöf, fræðslu og þjónustu sem völ er á til að auðvelda þér að taka þínar ákvarðanir.

Við tökum vel á móti þér í næsta útibúi og á islandsbanki.is

